

Reykjavík 14. desember 2016

Í dag kom stjórn Sambands garðyrkjubænda saman til fundar í Bændahöllinni við Hagatorg.

Eftirfarandi ályktun var samþykkt á fundinum:

„Garðyrkjubændur og samtök þeirra hafa um árabil átt mjög gott og árangursríkt samstarf við forsvarsfólk garðyrkjunáms við Landbúnaðarháskólann að Reykjum í Ölfusi. Á Suðurlandi er garðyrkja öflug atvinnugrein í mörgum sveitarfélögum og þar er staða hennar sterkust á landsvisu. Segja má að vegna styrkleika garðyrkjunnar á svæðinu sé staðsetning garðyrkjunámsins og rannsókna skólans eins og best verður á kosið til að samstarf greinarinnar og skólans verði farsælt. Viða hafa verið byggðir upp sérhæfðir klasar sem talið er að auki styrkleika og slagkraft hverrar einingar og greinarinnar í heild. Raunhæft er að segja að á Suðurlandi hafi byggst upp klasi í garðyrkju með þátttöku Landbúnaðarháskólans, þjónustufyrirtækja og bænda.

Nú er svo komið að húsakostur að Reykjum stendur náminu og þróun þess fyrir þrífum. Stjórn Sambands garðyrkjubænda lýsir þungum áhyggjum yfir þeirri umgjörð sem garðyrkjunámi í landinu er búin. Nauðsynlegt er að bregðast þegar við svo ekki komi til frekari skaða á uppbyggingu náms, rannsókna, og þar með undirstöðu garðyrkjunnar, héraendis. Mikilvægt er að tryggja að ekki verði rof í starfseminni svo áfram megi fá til starfa menntaða garðyrkjubændur og fagfólk sem stundar þjónustu og rannsóknir á þeim vettvangi.

Stjórn Sambands garðyrkjubænda beinir því hér með til Alþingismanna og forsvarsmanna skólans að leggjast á árarar svo tryggja megi fjárveitingar sem duga svo áfram megi bjóða vandað nám og rannsóknir í garðyrkju að Reykjum í Ölfusi“.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Með bestu kveðju.

Katrín María Andrésdóttir, framkvæmdastjóri

Samband garðyrkjubænda,
Bændahöllinni við Hagatorg,